

og þegar þess er gætt, að aldrei má breyta grundvallartilgangi félagsins, þá verður að telja, að stefnandi sé undanþeginn skemmtanaskatti af skemmtunum þeim, er hér skipta máli, enda hefur því ekki verið mótmælt, að hagnaði af skemmtunum þessum hafi verið varið í samræmi við fyrrgreindan tilgang félagsins.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti og dæma stefnda til að endurgreiða kr. 8628.06 með vöxtum, svo sem krafizt er, en upphafstími vaxta hefur ekki sætt mótmælum.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, menntamálaráðherra f. h. Þjóðleikhússjóðs, Kennslukvik-myndasjóðs og Félagsheimilasjóðs, greiði stefnanda, Fegrunarfélagi Reykjavíkur, kr. 8628.06 með 6% ársvöxtum frá 23. ágúst 1949 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1953.

Nr. 29/1951. **Ólafur F. Ólafsson** (Ragnar Ólafsson)
gegn

Helgu Finnsdóttur (Ragnar Jónson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Einar B. Guðmundsson.

Ágreiningur um greiðslu vísitöluálags á kaup. Orlofsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. marz 1951, gerir þær dómkröfur, að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 203.36 og að stefnda verði dæmt að bera kostnað sinn af málssókninni í héraði, en greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Stefndi hefur aðallega krafizt greiðslu úr hendi áfrýjanda á kr. 1072.10 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 835.33 frá 25. nóvember 1950 til greiðsludags, en til vara á kr. 694.49 ásamt vöxtum, eins og áður greinir, af kr. 472.24. Svo krefst stefndi og málskostnaðar fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Málavextir eru þessir:

Í júnímánuði 1950 réðst stefndi til starfa á þrjónastofu, er áfrýjandi rekur í Reykjavík, og skyldi stefndi fá í kaup kr. 8.00 fyrir hverja klukkustund. Að því er virðist, var ekki á það minnzt, hvort vísitöluálag skyldi greitt á kaupið, og hefur hvorugt aðilja staðhæft, að um það atriði hafi verið rætt, er samið var. Áfrýjandi greiddi stefnda síðan kaup án vísitöluálags, og er ekki leitt í ljós, að stefndi hafi að því fundið, fyrr en um miðjan októbermánuð, er hún sagði upp starfi sínu hjá áfrýjanda. Fór stefndi þá fram á það að fá greitt vísitöluálag á kaupið, en áfrýjandi synjaði þess. Er aðalkrafa stefnda í máli þessu við það miðuð, að fullt vísitöluálag, eins og það var á hverjum tíma, verði greitt á kaupið, en varakrafan er reist á því, að hið umsamda tímakaup hafi samsvarað grunnkaupi ásamt vísitöluálagi í júnímánuði 1950, er vinnan hófst. Þá krefst stefndi og orlofsfjár af vísitöluálagi auk vangreidds orlofsfjár af þegar greiddu kaupi, er hann telur nema kr. 203.36.

Áfrýjandi hefur algerlega mótmælt kröfum stefnda um vísitöluálag, en viðurkennir, að vangreitt orlofsfé nemi kr. 203.36.

Það er leitt í ljós, að hvorugur aðilja var í stéttarfélagi á þeim tíma, sem hér ræðir um. Voru lögskipti þeirra því eigi háð ákvæðum kjarasamnings neins stéttarfélags. Svo sem áður greinir, veitti stefndi hinu umsamda kaupi móttöku, án þess að hreyfa kröfu um vísitöluálag á það fyrr en um miðjan október 1950, er hún sagði starfinu upp. Verður þegar af þessari ástæðu að sýkna áfrýjanda algerlega af kröfum stefnda um greiðslu vísitöluálags á umsamið kaup.

Áfrýjanda verður því aðeins dæmt að greiða stefnda vangreitt orlofsfé, kr. 203.36. Vaxta af þeirri fjárhæð hefur eigi verið krafizt.

Þar sem ekki var sótt dómþing í héraði af hálfu áfrýjanda, ber að dæma hann til að greiða stefnda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst samtals kr. 1900.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ólafur F. Ólafsson, greiði stefnda, Helgu

Finnsdóttur, kr. 203.36 og samtals kr. 1900.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. des. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f.m., hefur Helga Finnsdóttir, Höfðaborg 43, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. nóv. s.l., gegn Ólafi F. Ólafssyni, Skipholti 27, hér í bæ, til greiðslu kaufeftirstöðva og orlofsfjár að fjárhæð kr. 1193.10 með 6% ársvöxtum af kr. 939.96 frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 320.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur F. Ólafsson, greiði stefnandi, Helgu Finnsdóttur, kr. 939.96 með 6% ársvöxtum frá 25. nóv. 1950 til greiðsludags, kr. 253.14 í orlofsfé og kr. 320.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1953.

Nr. 88/1951. **Póst- og símamálastjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Bjarna Guðjónssyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinnsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Einar B. Guðmundsson.

Skaðabætur samkvæmt 20. gr. póstlaga nr. 31/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júlí 1951. Krefst hann aðallega sýknu, en til vara,